

# STARFSREGLUR

## fjölmiðlanefndar.

### 1. gr.

#### *Hlutverk og starfssvið fjölmiðlanefndar.*

Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem annast eftirlit samkvæmt lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 og daglega stjórnarsýslu á því sviði sem löggin ná til. Þá annast fjölmiðlanefnd þau hlutverk sem henni eru falin í öðrum lögum.

Með starfsemi fjölmiðlanefndar skal stuðlað að því að markmiðum og tilgangi laga um fjölmiðla verði náð. Nefndin skal vinna að því að efla upplýsinga- og miðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlum, standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga. Nefndin skal sérstaklega stuðla að því að vernd barna sé virt samkvæmt fyrir mælum laga um fjölmiðla.

Fjölmiðlanefnd skal m.a.:

- a. fylgjast með því að fjölmiðlaveitur fari að fyrir mælum laga um fjölmiðla, taka ákvarðanir í málum samkvæmt þeim og beita viðurlögum þegar við á,
- b. fylgjast með stöðu og þróun á fjölmiðlamarkaði og safna upplýsingum þar að lútandi,
- c. annast samskipti við sambærileg stjórnvöld í öðrum EES-ríkjum og alþjóðastofnanir um málefni á starfsvettvangi sínum,
- d. annast eftirlit með skráningarskyldu og veitingu leyfa til hljóð- og myndmiðlunar og tryggja að lögboðnar upplýsingar um allar fjölmiðlaveitur séu til staðar,
- e. annast eftirlit með innihaldi og framsetningu hljóð- og myndsendinga í viðskiptaskyni sem og viðskiptaboða í prentmiðlum og rafrænum ritmiðlum,
- f. halda skrá yfir fjölmiðlaveitur innan lögsögu Íslands og tiltaka á hvaða skilyrðum lögsagan byggist samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga um fjölmiðla,
- g. fylgjast með og senda árlega skýrslu til Eftirlitsstofnunar EFTA um framkvæmd 33. gr. a laga um fjölmiðla,
- h. halda skrá yfir mynddeiliveitur innan lögsögu Íslands og á hvaða grundvelli lögsagan byggist samkvæmt ákvæðum 4. gr. a laga um fjölmiðla,
- i. gera áætlun og ráðstafanir til að efla og þroska upplýsinga- og miðlalæsi almennings og senda þriðja hvert ár skýrslu um það til Eftirlitsstofnunar EFTA,
- j. koma á fót nauðsynlegu verklagi til að meta hvort þær ráðstafanir sem mynddeiliveita hefur gert á grundvelli 36. gr. d laga um fjölmiðla séu fullnægjandi,
- k. senda skýrslu til Eftirlitsstofnunar EFTA á þriggja ára fresti um innleiðingu 30. gr. laga um fjölmiðla.

Fjölmiðlanefnd skal afhenda skrár yfir fjölmiðlaveitur og mynddeiliveitur innan lögsögu Íslands samkvæmt f- og h-lið 2. mgr. 10. gr. laga um fjölmiðla og breytingar sem á þeim verða til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Fjölmiðlanefnd skal taka þátt í öllu starfi samráðshóps fulltrúa evrópskra fjölmiðlaeftirlitsstofnana.

Ákvörðunum fjölmiðlanefndar samkvæmt lögum um fjölmiðla verður ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Fjölmiðlanefnd ræður framkvæmdastjóra, sem ásamt öðrum starfsmönnum á skrifstofu nefndarinnar, annast í umboði hennar daglega framkvæmd og stjórnun þeirra verkefna sem nefndinni eru falin samkvæmt lögum um fjölmiðla.

### 2. gr.

#### *Hugtakið fjölmiðill, mynddeiliveita og tengd hugtök.*

Samkvæmt 3. gr. laga um fjölmiðla gilda löggin um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur sem hafa staðfestu hér á landi eða miðla efni sem ætlað er almenningi hér á landi, að teknu tilliti til 4. gr. laga um fjölmiðla. Þau gilda því um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun óháð þeirri dreifileið sem valin hefur verið. Jafnframt gilda þau um allt ritefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti. V. kafli A gildir

um mynddeiliveitur sem hafa staðfestu hér á landi eða miðla efni sem ætlað er almenningi hér á landi, að teknu tilliti til ákvæðis 4. gr. a laga um fjölmiðla.

Samkvæmt 2. gr. laganna er fjölmiðill aðili eða lögaðili sem veitir fjölmiðlaþjónustu með reglubundnum hætti. Fjölmiðlaþjónusta er þjónusta þar sem megintilgangur eða aðskiljanlegur hluti hennar er tileinkaður miðlun á efni, undir ritstjórnarlegri ábyrgð fjölmiðilsins, til almennings í þeim tilgangi að upplýsa, fræða eða skemmta.

Samkvæmt 2. gr. laganna felur ritstjórn í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er. Fjölmiðlaveita telst hafa ritstjórn á efni þegar hún hefur forræði yfir því hljóð- og myndefni eða ritefni sem miðlað er sem og skipulagningu þjónustunnar að öðru leyti. Þó falla aðeins þeir aðilar undir hugtakið sem stýra og flokka hljóð- og myndmiðlunarefni og ritefni en byggja framboð sitt ekki einungis á leitarvélum.

Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar. Það er skýr vísbinding um að miðlun efnis falli undir hugtakið fjölmiðill þegar fjölmiðlaveita hefur það að atvinnu að miðla fjölmiðlaefni og ber þannig ábyrgð á ritstjórnarlegri skipan og endanlegri samsetningu fjölmiðilsins. Þjónusta sem ekki hefur þann megintilgang fellur á hinn bóginn sjaldnast undir hugtakið fjölmiðill í skilningi laganna. Meðal þeirra atriða sem litið er til við mat á því hvort um fjölmiðil er að ræða er hvort fjárhagslegur ávinningur er af starfsemi, m.a. með miðlun viðskiptaboða og/eða áskrift að efni, hvers konar efni er miðlað og hver miðlar efninu. Hljóðvarps- eða sjónvarpsrásir eða önnur fjölmiðlaþjónusta undir ritstjórnarábyrgð fjölmiðlaveitu getur talist vera fjölmiðlaþjónusta og þar af leiðandi fjölmiðill, þó svo að þjónustan sé veitt á öðrum vettvangi, t.d. á vef eða á mynddeiliveitu, sem ekki lýtur ritstjórnarlegri ábyrgð og er því ekki fjölmiðill. Hér er átt við þegar aðili eða lögaðili nýtir sér þjónustu, eins og t.d. YouTube, Facebook eða Instagram til að dreifa fjölmiðlaefni sínu. Uppfylli slík miðlun önnur skilyrði laga sem eiga við í þessu sambandi telst hún til fjölmiðlaþjónustu í skilningi laga um fjölmiðla.

Persónubundnar blogg síður falla almennt utan hugtaksins fjölmiðill í skilningi laganna. Þá falla einstaklingsbundin og persónuleg samskipti á netinu, t.d. á vettvangi Facebook, utan hugtaksins.

Samkvæmt 2. gr. laga um fjölmiðla er mynddeiliveita aðili eða lögaðili sem veitir mynddeilipjónustu. Mynddeilipjónusta er þjónusta þar sem megintilgangur, aðskiljanlegur hluti eða grundvallarvirkni þjónustunnar er að miðla dagskrárefni, notendaframleiddu efni eða hvoru tveggja til almennings í þeim tilgangi að upplýsa, fræða eða skemmta og hefur mynddeiliveitan ekki ritstjórnarlega ábyrgð en ber þó ábyrgð á skipulagi og flokkun á efni veitunnar, þ.m.t. birtingu, röðun og merkingu með sjálfvirkum hætti eða algrími. Með grundvallarvirkni er átt við þegar sá hluti veitunnar sem miðlar dagskrárefni, notendaframleiddu efni eða hvoru tveggja er efnislega lítill hluti af umfangi veitunnar en virði hans er hins vegar umtalsvert eða a.m.k. nægilegt til þess að báðir þættir gætu lifað sjálfstæðu lífi ef þeir væru skildir að. Við mat á því hvað telst til grundvallarvirkni skal hafa hliðsjón af leiðbeiningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Til mynddeiliveitna teljast m.a. vefsíður, forrit og tilteknir hlutar samfélagsmiðla, eins og Facebook, YouTube, Instagram, Snapchat og TikTok, sem miðla myndefni, hvort sem það stafar frá miðlinum sjálfum eða er notendaframleitt efni.

### 3. gr.

#### *Um tildrög mála, kröfur til erinda og málsmeðferð.*

Fjölmiðlanefnd tekur mál til meðferðar vegna ætlaðra brota á lögum um fjölmiðla hvort heldur er á grundvelli aðsendra erinda eða að eigin frumkvæði.

Formleg erindi þar sem farið er fram á aðgerðir á grundvelli laga um fjölmiðla eða annarra laga sem fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með skulu vera skrifleg og undirrituð. Greint skal frá nafni, heimilisfangi og kennitölu þess sem sendir erindið. Ef um lögaðila er að ræða skal greina stuttlega frá því hvers kyns starfsemi hann stundar. Jafnframt skal greina frá þeim lögaðila eða einstaklingi sem erindið beinist að.

Þegar kvartað er undan meintu broti skal greina frá dagsetningu og tímasetningu miðlunar efnisins, eftir því sem við á, og gefa nákvæma lýsingu á atvikum. Þá skal rökstutt hvers vegna atvikið er talið vera brot á lögum.

Hefjist mál í kjölfar erindis til fjölmiðlanefndar á sá sem erindinu beindi til nefndarinnar almennt ekki aðild að málinu nema hann eigi beinna, verulegra, sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn málsins.

Um málsmeðferðina gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Skulu ákvarðanir teknar eins fljótt og við verður komið.

4. gr.

*Ákvörðun um hvort erindi gefi nægar ástæður til meðferðar.*

Ef erindi frá aðila uppfyllir kröfur samkvæmt 3. gr. tekur fjölmiðlanefnd ákvörðun um hvort erindið gefi nægar ástæður til að taka málið til meðferðar. Slík ákvörðun skal tekin af fjölmiðlanefnd eins fljótt og við verður komið.

Við mat á því hvort erindi gefi nægar ástæður til meðferðar skal fjölmiðlanefnd hafa hliðsjón af málefnalegum sjónarmiðum sem þykja skipta máli í hverju tilviki fyrir sig. Eftirfarandi atriði geta m.a. skipt máli við mat fjölmiðlanefndar á því hvort hefja beri rannsókn:

- a. að meint brot virðist alvarlegt,
- b. að fjölmiðlaveita eða mynddeiliveita sem kvartað er yfir hafi ekki látið af þeirri hegðun sinni sem var tilefni kvörtunar,
- c. að meðferð málsins fari saman við þá forgangsröðun sem nefndin hefur áður ákveðið, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla.

5. gr.

*Erindi ekki tekið til meðferðar.*

Telji fjölmiðlanefnd að erindi gefi ekki nægar ástæður til meðferðar eða eigi ekki undir lög um fjölmiðla skal hlutaðeigandi tilkynnt um þá niðurstöðu.

6. gr.

*Erindi tekið til meðferðar.*

Telji fjölmiðlanefnd að erindi gefi nægar ástæður til meðferðar skal gefa þeirri fjölmiðlaveitu eða mynddeiliveitu sem kvörtun beinist að viðvart um erindið og kost á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um málið.

Fjölmiðlanefnd getur krafð fjölmiðlaveitur um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota á ákvæðum laga um fjölmiðla sem veitt skulu innan hæfilegs frests sem nefndin setur.

Fjölmiðlanefnd getur við rannsókn ætlaðra brota gegn þeim ákvæðum VI. kafla laga um fjölmiðla er varða viðskiptaboð og fjarkaup gert nauðsynlegar athuganir á starfsstöð eða stað þar sem gögn eru varðveitt og lagt hald á gögn enda séu ríkar ástæður til að ætla að brotið hafi verið gegn umræddum ákvæðum. Við framkvæmd aðgerða skal fylgja ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

Fjölmiðlanefnd getur með sömu skilyrðum og í 2. mgr. krafð einstaklinga, lögaðila og stofnanir um skriflegar upplýsingar og gögn vegna ætlaðra brota gegn ákvæðum VI. kafla er varða viðskiptaboð og fjarkaup.

Fjölmiðlanefnd getur keypt vörur og þjónustu, undir fölsku nafni og auðkenni, til að koma upp um brot gegn ákvæðum VI. kafla er varða viðskiptaboð og fjarkaup og aflað upplýsinga og gagna sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála.

Fjölmiðlanefnd er heimilt að ljúka málum sem tekin hafa verið til meðferðar með því að fella þau niður að fengnum skýringum fjölmiðlaveitu/mynddeiliveitu. Einnig er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málum vegna brota á lögum um fjölmiðla með ákvörðun eða álit. Þá getur fjölmiðlanefnd lokið málum þar sem brotið hefur verið gegn ákvæðum VI. kafla laga um fjölmiðla, um viðskiptaboð og fjarkaup, með sátt með samþykki málsaðila enda séu sakir ekki miklar, sbr. 52. gr. b laga um fjölmiðla.

7. gr.

*Verkaskipting nefndar og framkvæmdastjóra.*

Fjölmiðlanefnd mótar áherslur í starfi og skipulagi nefndarinnar og staðfestir skipurit fyrir skrifstofu hennar.

Framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar ber ábyrgð gagnvart nefndinni, kemur fram fyrir hönd hennar, annast daglega stjórn á starfsemi og rekstri nefndarinnar og tekur þær ákvarðanir sem ekki krefjast aðkomu nefndarinnar sjálfar, s.s. í samræmi við 8. gr. starfsreglna þessara. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjárreiðum fjölmiðlanefndar.

Skal framkvæmdastjóri gæta þess að fjölmiðlanefnd sé með reglubundnum hætti upplýst um helstu þætti í starfsemi skrifstofunnar, s.s. um framgang mikilvægustu mála, þar með talið á sviði upplýsinga- og miðlalæsis, mótun nýrra starfsaðferða eða breytingar á starfsemi.

Í tengslum við afgreiðslu rekstraráætlunar hvers árs skal nefndin taka ákvörðun um hvaða eftirlitsverkefni skulu vera í forgangi á viðkomandi ári.

#### 8. gr.

##### *Meiri háttar efnislegar ákvarðanir.*

Meiri háttar efnislegar ákvarðanir skal bera undir fjölmiðlanefnd til samþykktar eða synjunar. Til slíkra ákvarðana teljast meðal annars:

Útgáfa almennra leyfa til hljóð- og myndmiðlunar samkvæmt 16. gr. laga um fjölmiðla.

Ákvörðun vegna brota á 14. gr., 15. gr., 16. gr. og 22. gr. laga um fjölmiðla.

Stöðvun á móttöku myndmiðlunarefnis frá öðrum EES-ríkjum, sbr. 5. gr. og 5. gr. a laga um fjölmiðla.

Ákvörðun um að gera ráðstafanir gagnvart fjölmiðlaveitu sem miðlar myndefni og heyrir undir lögsögu annars EES-ríkis, sbr. 6. gr. laga um fjölmiðla.

Ákvörðun um hvort aðili eigi rétt á að koma andsvörum á framfæri, sbr. 36. gr. laga um fjölmiðla.

Ákvörðun um bann við miðlun hljóð- og myndefnis og afturköllun hljóð- og myndmiðlunarleyfis, sbr. 52. gr. laga um fjölmiðla.

Bráðabirgðaákvarðanir samkvæmt 52. gr. a laga um fjölmiðla.

Ákvörðun um að ljúka máli með sátt samkvæmt 52. gr. b laga um fjölmiðla.

Ákvörðun um að leita lögbanns samkvæmt 52. gr. c laga um fjölmiðla.

Ákvörðun þar sem meta þarf hvort beita skuli dagsektum eða stjórnvaldssektum og fjárhæð þeirra, sbr. 53. gr. og 54. gr. laga um fjölmiðla.

Ákvörðun um hvort ljúka skuli meðferð með útgáfu álits eða birtingu ákvörðunar að hluta eða í heild, sbr. 3. mgr. 11. gr. og 6.-7. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla.

Ákvörðun um að kæra skuli mál til lögreglu samkvæmt 57. gr. laga um fjölmiðla.

Tilmæli til Samkeppniseftirlitsins um að grípa til aðgerða samkvæmt 1. mgr. 62. gr. a laga um fjölmiðla.

Veiting skammtímaleyfa telst ekki til meiri háttar ákvarðana samkvæmt 1. mgr.

#### 9. gr.

##### *Rekstraráætlun og eftirlit með rekstri.*

Fjölmiðlanefnd fylgist með rekstri nefndarinnar. Framkvæmdastjóri leggur fyrir nefndina tillögu um rekstraráætlun hennar fyrir næsta rekstrarár og annast samskipti við ráðuneyti og fjárveitingarvald vegna fjárveitinga til fjölmiðlanefndar. Framkvæmdastjóri skal gera nefndinni grein fyrir rekstrarstöðu nefndarinnar eigi sjaldnar en ársfjórðungslega

#### 10. gr.

##### *Hæfi nefndarmanns.*

Þegar nefndarmaður telst vanhæfur samkvæmt 3. gr. stjórnsýslulaga við umfjöllun máls skal vara- maður taka sæti hans. Tekur viðkomandi nefndarmaður þá ekki þátt í undirbúningi, meðferð eða ákvörðun málsins.

Nefndarmenn skulu í hvívetna gæta að hæfi sínu við meðferð einstakra mála. Nefndarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, sbr. 3. gr. stjórnsýslulaga, skal án tafar vekja athygli formanns fjölmiðlanefndar á þeim. Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal víkja sæti áður en efni málsins er kynnt.

Um hæfi nefndarmanna fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

Nú er framkvæmdastjóri vanhæfur til meðferðar máls og skal þá stjórn ákveða hvernig með skuli fara.

## 11. gr.

*Nefndarfundir.*

Nefndarfundir skulu haldnir að jafnaði mánaðarlega eða oftár þegar ástæða er til. Boða skal til fundar með hæfilegum fyrirvara. Fundarboð skal að jafnaði sent í tölvupósti og skal í því greina dagskrá fundarins. Fundargögn skal að jafnaði senda til nefndarmanna a.m.k. degi fyrir nefndarfund.

Nefndin er bær til þess að taka ákvarðanir ef þrír nefndarmanna sitja fund eða varamenn í forföllum þeirra. Atkvæði ráða niðurstöðu nefndar. Heimilt er að notast við fjarfundarbúnað á nefndarfundum enda sé varsla trúnaðarupplýsinga tryggð. Nú þolir ákvörðun ekki bið og ráðrúm gefst ekki til að boða til fundar og er þá heimilt að óska staðfestingar meirihluta nefndar utan fundar. Ákvarðanir sem þannig eru teknar skulu lagðar fyrir næsta fund og færðar til bókar.

Varamaður tekur sæti fyrir tiltekinn nefndarmann og ræður röð nefndarmanna og varamanna í skipunarbréfi ráðherra því fyrir hvern varamaður tekur sæti. Sé viðkomandi varamaður ekki tiltækur skal boða annan í hans stað, í starfsaldursröð. Nú boðar nefndarmaður forföll eða lýsir yfir vanhæfi til meðferðar máls fyrir fund og skal þá boða varamann hans og gera honum grein fyrir því að hann taki sæti í nefndinni.

Bóka skal fundargerðir á nefndarfundum sem samþykktar skulu á næsta nefndarfundum á eftir. Í fundargerð skal koma fram hverjir sitja fundinn, umfjöllunarefni hans, ákvarðanir sem teknar eru og upplýsingar sem nauðsynlegt er að fram komi vegna ákvörðunar. Við almenna umfjöllun um áherslur og stefnumótun skal gera grein fyrir niðurstöðum þeirrar umfjöllunar í fundargerð. Í fundargerð skal tilgreina þau gögn sem lögð eru fram á fundinum.

## 12. gr.

*Þagnarskylda.*

Nefndarmönnum, varamönnum og starfsmönnum fjölmiðlanefndar er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfinu og leynt eiga að fara samkvæmt X. kafla stjórnsýslulaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sami trúnaður skal ríkja afhendi fjölmiðlanefnd upplýsingar til annarra sambærilegra stjórnsýslustofnana, sem fara með fjölmiðlamál innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 13. gr. laga um fjölmiðla. Tryggt skal vera að tölulegar upplýsingar séu ekki rekjanlegar til einstakra fjölmiðlafyrirtækja.

## 13. gr.

*Samstarf við önnur stjórnvöld.*

Við framkvæmd eftirlits með viðskiptaboðum sem falla undir eftirlit annarra stjórnvalda skal fjölmiðlanefnd leita samstarfs um verkaskiptingu við þau stjórnvöld. Fjölmiðlanefnd skal gera samstarfssamning við Neytendastofu um mál sem geta varðað starfssvið þessara stofnana.

Fjölmiðlanefnd er skylt að afhenda stjórnvöldum annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu, sem og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eða, eftir því sem við á, Eftirlitsstofnun EFTA, upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laga um fjölmiðla í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Við afhendingu upplýsinga og gagna skal eftir því sem við á setja sem skilyrði að:

- a. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
- b. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins notuð í því skyni sem kveðið er á um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í samræmi við beiðni um upplýsingar og
- c. upplýsingarnar og gögnin verði aðeins afhent öðrum með samþykki fjölmiðlanefndar og í þeim tilgangi sem kveðið er á um.

Þegar fjölmiðlanefnd fær upplýsingar um að fjölmiðill innan íslenskrar lögsögu hyggist veita þjónustu sem beinist að mestu eða öllu leyti til áhorfenda í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu skal hún tilkynna eftirlitsyfirvöldum þess ríkis um fyrirætlanir fjölmiðilsins. Fjölmiðlanefnd skal leitast við að svara fyrirspurnum frá ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu um starfsemi slíks fjölmiðils innan tveggja mánaða. Beini fjölmiðlanefnd sams konar fyrirspurn til annars ríkis á Evrópska efnahags-

svæðinu vegna fjölmiðils sem starfar innan lögsögu viðkomandi ríkis en beinir þjónustu sinni að mestu eða öllu leyti til áhorfenda innan íslenskrar lögsögu skal nefndin veita allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við meðferð fyrirspurnarinnar.

Telji fjölmiðlanefnd að fjölmiðlaveita, sem heyrir undir lögsögu annars EES-ríkis en dreifir myndefni sem að mestu eða öllu leyti er ætlað til móttöku hér á landi, hafi brotið gegn ákvæðum laga um fjölmiðla getur fjölmiðlanefnd farið fram á það við þar til bær stjórnvöld í viðkomandi EES-ríki að þau beini því til fjölmiðlaveitunnar að hún fari að þeim ákvæðum sem um ræðir.

Telji þar til bært stjórnvald í öðru EES-ríki að fjölmiðlaveita, sem heyrir undir íslenska lögsögu en dreifir myndefni sem að mestu eða öllu leyti er ætlað til móttöku í öðru EES-ríki, hafi brotið gegn ákvæðum laga þess ríkis getur þar til bært stjórnvald í því ríki farið fram á það við fjölmiðlanefnd að hún beini því til fjölmiðlaveitunnar að hún fari að þeim ákvæðum sem um ræðir. Um nánari málsmeðferð í slíkum tilvikum fer samkvæmt 6. gr. laga um fjölmiðla.

Telji fjölmiðlanefnd þá niðurstöðu sem fæst með beitingu 4. mgr. þessa ákvæðis ekki fullnægjandi og hefur gögn sem styðja að sú fjölmiðlaveita sem um ræðir hafi öðlast staðfestu í viðkomandi EES-ríki gagnert í því skyni að sniðganga íslensk lög er henni heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn fjölmiðlaveitunni samkvæmt lögum um fjölmiðla að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 6. gr. laganna.

14. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga um fjölmiðla og öðlast gildi við birtingu. Við gildistöku þeirra falla úr gildi starfsreglur fjölmiðlanefndar, nr. 1363/2011.

*F.h. fjölmiðlanefndar, 21. febrúar 2025,*

**Elfa Ýr Gylfadóttir** framkvæmdastjóri.